

Skipulags- og byggingarfulltrúi
Skaftár- og Mýrdalshreppur
Klausturvegi 10
880 Kirkjubæjarklaustur



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 16. janúar 2017
UST201612-001/K.S.J.
10.04.02

Efni: Aðalskipulag Skaftárhrepps 2010 – 2022, tillaga að breytingu í landi Tungu

Vísað er til erindis skipulags- og byggingarfulltrúa Skaftárhrepps er barst 1. desember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um tillögu að breytingu á aðalskipulagi Skaftárhrepps 2010 – 2022 í landi Tungu.

Skipulagssvæðið

Ofangreint svæði í landi Tungu í Skaftárhreppi er 7,6 ha svæði sem í dag er skilgreint sem opið svæði og nýtt sem tún. Með ofangreindri breytingartillögu verður svæðið skilgreint sem svæði fyrir verslun og þjónustu.

Framkvæmdir

Áætlað er a byggja á svæðinu tveggja hæða hótél með 50 herbergjum, veitingahús og 25 gistihús sem hvert er áætlað 30 fermetrar. Heildarmagn áætlaðs húsnæðis er 3700 fermetrar. Einnig er á svæðinu núverandi íbúðarhús og er áætlað að bæta frístundahúsi við það.

Umhverfisáhrif

Í umfjöllun um sjónræn áhrif, kemur fram að bílastæði skuli reyna að fella inn í landslagið þannig að þau séu lítt sýnileg. Umhverfisstofnun tekur undir það, en bendir á að ekkert er fjallað um sjónræn áhrif uppbyggingarinnar í heild. Umhverfisstofnun bendir á að áætlað sé að koma 25 gistihýsum á túni auk 25 herbergja gistihúss á tveim hæðum. Að mati Umhverfisstofnunar er mikilvægt að heildaruppbyggingin verði löguð að landi og þar sem ofangreind uppbygging verður á túni, þá mikilvægt að gróður svo sem birki, víðitegundir og reynitré verði nýtt til að milda ásýnd svo þéttar uppbyggingar.

Að mati Umhverfisstofnunar er einnig mikilvægt að alls staðar séu byggingar áætlaðar 50 m frá Tungulæk eða meira sjá skipulagsreglugerð nr. 90/2013 en þar kemur eftirfarandi fram í gr. 5.3.2.14., Skipulag við vötn, ár og sjó. „Í þéttbýli skal lögð áhersla á að almenningur geti komist að og


meðfram vötnum, ám og sjó eftir því sem hægt er á viðkomandi svæði. Við afmörkun lóða á svæðum utan þéttbýlis skal þess gætt að rými sé fyrir aðkomu að og meðfram vötnum, ám og sjó. Utan þéttbýlis skal ekki reisa mannvirki nær vötnum, ám eða sjó en 50 m.“


Fráveita

Umhverfisstofnun bendir á að öll fráveita skal vera skv. reglugerð um fráveitur og skólþ.

Að öðru leyti gerir stofnunin ekki athugasemd við ofangreinda tillögu.

Virðingarfyllst


Kristín S Jónsdóttir
Sérfræðingur


Aðalbjörg B Guttormsdóttir
Teymisstjóri